

Guðbrandur Steinþórsson lauk fyrrihlutaprófi í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands og Cand.polyt. prófi í byggingarverkfræði frá Danmarks Tekniske Universitet í Kaupmannahöfn árið 1972.

Að loknu námi hóf hann störf við mannvirkjadeild á verkfræðistofunni Hönnun þar sem hann starfaði til ársins 1980 meðal annars við burðarvirkjahönnun Sigölduvirkjunar. Eftir það var hann lengi, samhliða kennslu, sjálfstætt starfandi ráðgjafarverkfræðingur, einkum við greiningu og hönnun steinsteypra burðarvirkja.

Guðbrandur hóf störf sem stundakennari við Tækniskóla Íslands árið 1974. Hann varð fastráðinn kennari og deildarstjóri byggingardeildar skólans árið 1981 og hætti þá störfum hjá verkfræðistofunni Hönnun en hélt áfram að starfa sem ráðgjafarverkfræðingur. Árið 1990 varð hann rektor Tækniskóla Íslands og gegndi því starfi til ársins 2002 þegar Tækniskóli Íslands varð Tækniháskóli Íslands. Þá sneri hann sér alfarið að kennslu sem dósent við byggingardeild Tækniháskóla Íslands, og síðar við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík þegar skólarnir voru sameinaðir árið 2005. Árið 2013 lauk formlegum starfsferli Guðbrandar við HR vegna aldurs, en hann hefur áfram haft umsjón með lokaverkefnum nemenda í byggingartæknifræði. Hann er í dag dósent emeritus við deildina.

Guðbrandur var leiðandi við uppbyggingu og þróun tæknifræðináms á Íslandi og hefur í nær fjóra áratugi gegnt veigamiklu hlutverki við mótnun þess. Hann hefur verið afar farsæll kennari og áunnið sér virðingu nemenda sinna. Hann hefur einkum kennt nemendum í byggingartæknifræði og hafa kennslugreinar hans verið burðarpólsfræði, steinsteypuvirki og leiðsögn með lokaverkefnum á sviði burðarvirkjahönnunar. Í kennslunni nær Guðbrandur að halda nemendum við efnið með því að tvíanna námsefnið saman við reynslu sína af verkfræðistörfum en slíkt er nauðsynlegt ef hagnýtt tækifræðinám á að standa undir nafni. Hann sinnir nemendum sínum af einstökum áhuga og einlægni, sem hefur orðið til þess að þeir leggja sig sérstaklega fram og ná eftirtektarverðum árangri í námsgreinum sem hann kennir. Til marks um orðspor hans má nefna að nemendafélag byggingartæknifræðinema við Háskólann í Reykjavík heitir „Guðbrandur“, til heiðurs lærimeistaránam.

Guðbrandur hefur verið meðdómari og dómkvaddur matsmaður, gegnt fjölmörgum stjórnunar- og trúnaðarstörfum fyrir Verkfræðingafélag Íslands, Staðlaráð Íslands, Háskólann í Reykjavík, Tækniháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands, sem hann hefur annast af trúmennsku og kostgæfni.